Mánudaginn 29. mars 1993.

Nr. 130/1993. **Hannes Sigurðsson**

gegn

Ásbergi Helgasyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. mars 1993. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila varð útivist í máli þessu í héraði.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að sóknaraðili hafi ekki lagt fyrir hann nægileg gögn um ógjaldfærni skuldara bréfanna og ábyrgðarmanna. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 21. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. janúar, er höfðað fyrir dómþinginu af Hannesi Sigurðssyni, kt. 260564-4989, Suðurgötu 75, Reykjavík, á hendur Ásbergi Helgasyni, kt. 100771-3149, Bárðarási 17, Hellissandi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 300.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að stefnandi hafi selt stefnda bifreiðina M-1352, Ford Bronco, árg. 1974, með afsali, dagsettu 27. júní 1989. Umsamið kaupverð hafi verið 350.000 kr., sem stefndi hafi greitt með 50.000 kr. í peningum og 300.000 kr. með tveimur skuldabréfum, að fjárhæð 200.000 kr. og 100.000 kr., báðum út gefnum til handhafa af Lárusi Arasyni, Litlalandi, Mosfellsbæ, 5. maí 1989, með sjálfskuldarábyrgð

Sigurðar Bjarnasonar, Þórufelli 4, og Óskars Arnars Jónssonar. Súluhólum 4, báðum í Reykjavík. Skuldabréfin hafi átt að greiða með 18 jöfnum afborgunum á mánaðarfresti, í fyrsta skipti 1. ágúst 1989. Ekkert hafi verið greitt af skuldabréfum þessum þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Kveður stefnandi annan sjálfskuldarábyrgðarmanninn, Óskar Arnar, vera látinn og útgefanda bréfanna, Lárus, og hinn ábyrgðarmanninn, Sigurð, vera ógjaldhæfa.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að við vanskil skuldabréfanna hafi raknað við réttarsamband það, sem afhending skuldabréfanna sé reist á, þar sem á stefnda hvíli sú skylda að greiða stefnanda kaupverð bifreiðarinnar og efna með þeim hætti greiðsluskyldu sína gagnvart stefnanda.

Um lagarök vísar stefnandi til l. nr. 39/1922 um skyldu kaupanda til greiðslu kaupverðs lausafjár svo og laga nr. 7/1936. Vaxtakröfu sína reisir stefnandi á lögum nr. 25/1987, sbr. og 5. gr. laga nr. 67/1989 og 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið sótt þing, og verður því skv. 96. gr. l. 91/1991 að dæma málið eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti, sem samrýmanlegt er fram komnum gögnum, nema gallar séu á málinu, sem varða frávísun þess án kröfu.

Stefnandi hefur lagt fram skuldabréf þau, er notuð voru sem greiðsla við bifreiðakaup milli stefnanda og stefnda. Einnig hefur stefnandi lagt fram afrit af innheimtubréfum, sem hann hefur sent skuldurum skuldabréfanna.

Stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn, er styðja fullyrðingar hans um ógjaldfærni skuldara bréfsins og ábyrgðarmanns, en stefnandi reisir kröfu sína á hendur stefnda á ógjaldfærni þeirra.

Þykir mál þetta því svo verulega vanreifað, að ekki verði lagður í það efnisdómur, og ber að vísa því frá dómi ex officio.

Málskostnaður ákveðst ekki.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.